

Vegabótakostnaður — 3439,46

III. Suður-Múlasýsla.

Tekjur.

Eign frá fyrra ári kr. 175,17

Sýsluvegagjald — 1420,74 — 1595 91

Gjöld.

Vegabótakostnaður kr. 722,16

1/2 sýsluvegasjóðsgjaldið gengur frá samkvæmt 3 gr.

laga 1887, sem sje — 710,37

Samkvæmt úrskurði amtsráðsins á reikningnum fyrir 1891 — 1,37

Eign til næsta árs — 162,01 — 1595,91

Skrifstofu Austuramtsins 14. nóv. 1893.

J. Havsteen.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu

um skipting Seyðisfjarðarhrepps í tvö sveitarfjelög. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt álit og tillögur yðar, herra amtmaður, í brjefi dags. 6. þ. m. viðvíkjandi, skiptingu Seyðisfjarðarhrepps innan Norður-Múlasýslu í tvö hreppsfelög, er hlutaðeigandi hreppsþúar og hreppsnefnd hefur óskað eptir og sýslunefnd sýslunnar samþykkt, skal hjer með samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872 skipað svo fyrir, sem hjer segir:

1. Seyðisfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu skal skipt í tvö sveitarfjelög, og skulu takmörk þeirra vera landamerki milli jarðanna Fjarðar og Sörlastaða að sunnanverðu, en merki milli jarðanna Vestdals og Dvergasteins að norðanverðu. Nefnist hinn ytri hluti Seyðisfjarðarhreppur, en hinn innri fyrst um sinn Innrihreppur.

2. Öllum eignum og skuldum hins núverandi Seyðisfjarðarhrepps, þeim er verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt þannig milli hinna nýju sveitarfjelaga, að hinn nýi Seyðisfjarðarhreppur fái og beri $\frac{4}{13}$ en innhreppurinn $\frac{9}{13}$, eptir því sem nákvæmar hefur samþykkt verið á almennum sveitarfundi á Vestdalseyri 30. maí 1891, og sveitarþyngslum þeim, sem nú eru og sem síðar kunna að koma til, og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, er hingað til hefur á verið, skal skipt milli sveitarfjelaganna eptir sama hlutfalli, þó þannig, að þeir af íbúum hins sameinaða hrepps, sem verða styrkþurfar eptir að skiptingin hefur fram farið, og sveit mundu hafa átt í hinum forna hreppi, eigi framfærslurjett í því sveitartjelaginu, sem heimili þeirra við skiptinguna heyrir til, ef þeir í hvorugu hinna nýju sveitarfjelaga hafa náð að vinna sjer framfærslurjett eptir lögunum.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi, samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið

kosnar, en þær skulu því næst framkvæma skiptinguna á eignum, skyldum og sveitarþyngslum, og verði ágreiningur út af skiptingunni, skal skorið úr honum af sýslunefndinni, sem einnig ákveður um fjallskil og afrjettir. 121
29. nóv.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að með þessari fyrirskipan er ekki gjörð nein breyting á hinum forna Seyðisfjarðarhreppi hvorki sem manntalsþinghá eða dómpinghá.

Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um lán handa prestakalli til húsa- bóta á prestssetri. (Ágr.). — Með brjefi þessu var prestinum að Hvammi í Laxárdal í Skagafjarðarprófastsdæmi leyft að binda tekjur prestakallsins fyrir 1000 kr. láni, prestakallinu til handa, til húsabóta á prestsetri brauðsins, þannig, að lánið ásamt 4% vöxtum verði endurborgað á næstu 20 árum með $\frac{1}{20}$ á ári, og að öðru leyti með þeim skilyrðum, að hús það, sem presturinn er að byggja, verði eign prestakallsins og komi í stað fyrverandi bæjarhúsa, að það sje vátryggt fyrir eldsvöða í brunabótafjelagi, sem hefur umboðsmann hjer á landi, fyrir að minnsta kosti 1000 krónum; að presturinn hafi að fullu lokið við húsbygginguna á næstkomandi sumri, og sanni það fyrir prófasti; haldi síðan húsinu vel við, og hann eða bú hans skili því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi; loks, að helmingur lánsins sje ekki tekinn, fyrr en lögmæt sönnun er fengin fyrir því, að húsið sje fullbúið og byggingin vel af hend leyst. 122
29. nóv.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu um skipting Helgastaðahrepps í tvö sveitarfjelög. — Eptir að mjer með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 24. okt. þ. á. hefur borizt beiðni hreppsnefndarinnar í Helgastaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu um skipting tjeðs hrepps í tvö sveitarfjelög, er hlutaðeigandi hreppsnefnd hefur lagt með, og eptir að jeg hefi beina leið fengið yfirlýsing hreppsnefndarinnar viðvikjandi Hlíðar og Fremrinámum, er þjer minnst á í nefndu brjefi yðar, skal hjer með samkvæmt 23. gr. í tilsk. 4. maí 1872 skipað svo fyrir, sem hjer segir:

1. Helgastaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu skal skipt í tvö sveitarfjelög, þannig að Helgastaða prestakall verði hreppur sjer, og nefnist *Reykðælahreppur* og Grenjaðarstaðar prestakall, að því leyti sem það liggur í Helgastaðahreppi, verði hreppur sjer og nefnist *Adaldælahreppur*.

2. Öllum eignum Helgastaðahrepps og öllum skuldum, sem hvíla á honum, þegar skiptingin fer fram, og ennfremur öllum meðlögum með ómögum og fjárstyrk til þurfamanna, er sveitfesti nafa eignast í hreppnum, meðan hann var óskiptur, skal skipt milli hinna nýju hreppa á þann hátt, að í hluta Reykðælahrepps komi $\frac{8}{15}$ en í hluta Adaldælahrepps $\frac{7}{15}$. Eptir sama hlutfalli skiptast milli hreppanna fyrst um sinn svo nefndir Hlíðar- og Fremrinámar, að því er löggjöld snertir.